

96 og fjárhald hinnar fyrirhuguðu kirkju þar, um 2000 króna lán úr viðlagasjóði til kirkju-
25. maí. byggingar, gegn vöxtum og endurborgun af tekjum þeim, er lagðar verða til kirkjunnar, og gjört er ráð fyrir, að verði 160 til 190 kr. á ári, — og lagt það til í þóknanlegu brjefi 25. f. m., að lán þetta verði veitt, með þeim kjörum, að greiddir sju af því 4 af hundraði í vöxtu, og höfuðstóllinn borgaður aptur með 80—100 kr. á ári.

Út af þessu er yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt-
ingar, að með því að hin venjulegu kirkjugjöld úr þeim hluta Helgafellssóknar, er leggja á til kirkjunnar í Stykkishólmi samkvæmt konungsúrskurði 31. desember f. á.,¹⁾ geta eigi runnið inn til hennar, fyr en hún er komin upp, getur ráðgjafinn eigi álitid veð í tjeðum gjöldum nægilega tryggingu. Lán þetta verður því eigi veitt nema því að eins, að ann-
aðhvort sje sett lögmætt veð fyrir því í jörðu, eða að íbúar hinnar tilvonandi sóknar ábyrgist borgun á því og vöxtunum af því.

97 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
28. maí. *lestagjald af færeyskum fiskiskipum.* — Þjer hafið, herra amtmaður, leitað úrskurðar míns út af spurningum sýslumannsins í Suður-Múlasýslu í brjefi til yðar frá 28. ágúst f. á. um það,

1. hvort skipstjóra á færeysku fiskiskipi sje heimilt að kaupa hjer á landi fyrir utan hina löggiltu verzlunarstaði nokkrar kindur til niðursóltunar í tunnur og flytja síðan út kjötið, og
2. hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að færeysk hafskip skilji eptir á bæjum hjer á landi menn og báta til þess að róa til fiskjar á meðan hafskipin flytja heim fiskinn, er veiddur hefir verið á þau, og hvort greiða beri lestagjald af viðkomandi skipi, þegar fiskurinn, er þeir menn, sem eptir voru, hafa veitt, er sóttur af hinu sama fiskiskipi, er setti mennina í land.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut-
aðeigöndum :

Ad 1. Það er bannað að reka verzlun með útlendar vörur fyrir utan hin lög-
giltu kauptún; en skepnur og aðrar innlendar vörur mega útlendingar eins og innlendir menn kaupa fyrir peninga allstaðar á landinu, og flytja út gegn borgun hins lögskipaða lestagjalds,

Ad 2. Ef færeyskir fiskimenn útvega sjer uppsátur og verkunarsvæði hjá hlut-
aðeigandi böendum, getur ekkert af hálfu valdstjórnarinnar verið á móti því, að þeir stundi afla sinn frá landi, en það er vitaskuld, að affli þeirra verður að vera háður hinum sömu gjöldum og fiskur sá, er veiddur er af innlendum mönnum. Þeir verða því bæði að greiða spítalagjald af fiski sínum, þegar hann er veiddur, og lestagjald, þegar hann er fluttur út, og getur það enga þýðingu haft í þessu tilliti, að skip það, sem fiskurinn er fluttur út í, meðfram er haft til fiskiveiða.

98 — *Brjef landshöfðingja til landfógeta um laun sýslumanna.* — Ráðgjaf-
1. júní. inn hefir 25. f. m. samþykkt *til bráðabirgða* neðanritaðan reikning á launum og per-
sónulegri launabót, er lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desember f. á. ætla þeim embættismönnum, er nú sem stendur þjóna þessum embættum :

1) Sbr. br. ráðg. 10. jan. þ. á. bls. 33. (N. 36.) í stjórnartíðindum B þ. á.